

Nd.

100. Nefndarálit

[71. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Allt frá 1964 hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs aflað sér heimildar Alþingis til þess að taka innlent lán, og hefur það þá verið liður í fjármögnun þeirra opinberu framkvæmda, sem ákveðnar höfðu verið á yfirstandandi fjárlagaári.

Pannig hafa verið tekin innlend lán á árunum 1964—1971 skv. áðurnefndum heimildum sem hér segir:

1964	75 millj. kr.
1965	75 — —
1966	100 — —
1967	125 — —
1968	85 — —
1969	92 — —
1970	132 — —
1971	103 — —

Samtals 787 millj. kr.

Með frv. þeim, sem fyrrv. ríkisstjórn lagði fyrir Alþingi, hefur s. l. 6 ár verið lögð fram ýtarleg greinargerð auk framkvæmdaáætlunar, þar sem gerð var grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fénu skyldi varið til, og í frv. gerð tillaga þar að lútandi.

Þá hefur við ákvörðun framkvæmdaáætlunar verið haft samráð við sérfræðistofnanir ríkisstjórnarinnar um fjármögnunarleiðir og samband haft við viðskiptabankana þar um, en af árlegri sparifjáruakningu hafa þeir lánað 10—15%, og með tilliti til þess, hefur útgáfa og sala spariskirteina verið ákvörðuð.

Núverandi ríkisstjórn hyggst hafa hér önnur vinnubrögð, því að ekki skal tekið tillit til neins þess, sem eðlilegt hefur þótt að taka tillit til og fráfarandi ríkisstjórn gerði, og skal hér dregið á örfá atriði.

Í fyrsta lagi er Alþingi ekki gerð grein fyrir því, með hvaða hætti ráðstafa skuli þeim 200 milljónum, sem með frv. er gert ráð fyrir að afla.

Við 1. umræðu var fjármálaráðherra ekki reiðubúinn að gefa þær upplýsingar, og ekki var heldur hægt að fá upplýsingar í nefndinni, en þess var sérstaklega óskað.

Í öðru lagi er ætlun ríkisstjórnarinnar að afla á þessu ári fjár til ráðstöfunar á næsta ári, en slíkar aðferðir við fjármögnun opinberra framkvæmda hafa aldrei verið notaðar áður.

Fjármálaráðherra lýsti því yfir við 1. umræðu, að hann hygðist nota heimildina, ef samh. yrði, nú fyrir áramót og yrðu því öll spariskirteinin til sölu í desembermánuði n. k.

Samtals verður þá aflað fjár á þessu ári með spariskirteinasölu að upphæð 303 millj. kr., en hafði mest áður verið fyrir 132 millj. kr. árið 1970.

Í þriðja lagi hefur ekkert samband verið haft við viðskiptabankana, eins og fram kom hjá fulltrúum ríkisbankanna, er þeir mættu á fundi nefndarinnar, og því ekkert tillit tekið til lakari stöðu viðskiptabankanna á þessum árstíma né heldur þess, að staða þeirra er sérstaklega erfið nú. Lýstu fulltrúar ríkisbankanna áhyggjum sínum, ef sala verulegs hluta spariskirteinnanna færi fram nú fyrir áramótin, en ákvörðunar fjármálaráðherra bar um er áður getið.

Í fjórða lagi er hér um að ræða óvenjulegar aðfarir að peningastofnunum landsins, sem leiða munu til samdráttar í útlánum úr peningastofnunum landsins, samtímis því sem þörf atvinnuveganna fyrir aukið lánsfé fer vaxandi, auk þess sem búast má við því, að lokað verði fyrir öll lánaviðskipti almennings.

Þegar fulltrúa Seðlabanka Íslands, sem mætti á fundi nefndarinnar og tjáði sig sammála þeirri stefnu, sem fram kæmi í frumvarpinu, var bent á versnandi stöðu viðskiptabankanna við Seðlabankann og hann spurður, hvort um sérstaka fyrirgreiðslu til handa peningastofnununum vegna væntanlegrar spariskirteinasölu væri að ræða, svaraði hann því neitandi. Enn fremur svaraði hann því neitandi, er hann var spurður, hvort ríkisstjórnin hefði rætt við Seðlabankann um losun á hundnu fé innlánsstofnananna.

Með tilvísun til framanritaðs getur undirritaður minni hluti fjárhagsnefndar ekki mælt með samþykkt frv. óbreytts og flytur því breytingartillögu á þskj. 101. Þar

er þess freistað að fá frv. breytt á þann veg, að umbeðin lántaka verði heimiluð á árinu 1972, en það þýðir, að á þriðja hundrað milljónir yrðu gefnar út í spariskírteinum á næsta ári, sem er tvöfalt hærri upphæð en mest hefur verið gefið út áður á einu ári. Minni hluti fjárhagsnefndar getur samþ. að veita ríkisstjórninni á árinu 1972 heimild með sama hætti og verið hefur til innlendrar lántöku og mun ekki standa gegn hækkun í 200 millj., enda þótt upplýsingar um ráðstöfun fjárens liggi ekki fyrir.

Verði breytingartillagan hins vegar felld, telur minni hluti fjárhagsnefndar þá stefnubreytingu, sem hér hefur verið bent á, mjög varhugaverða og enn eitt merki um skipulagslaus vinnubrögð núverandi ríkisstjórnar, sem gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í peningamálum þjóðarinnar á næstu mánuðum, því að vanmegnugar peningastofnanir í upphafi vertíðar næsta árs verða ekki til þess að efla atvinnulífið og styrkja efnahagskerfið.

Að slíku vilja undirritaðir ekki standa.

Alþingi, 20. nóv. 1971.

Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason.
frsm.